



Berist til grunnskóla, sveitarfélaga og skóláþjónustu sveitarfélaga

Reykjavík 3. mars 2022
Tilv.: MRN22020931/8.2

Efni: Fyrirlögn PISA 2022

Með bréfi þessu vill mennta- og barnamálaráðuneyti óska eftir góðu samstarfi við nemendur, starfsfólk grunnskóla, sveitarfélög og skóláþjónustu sveitarfélaga um þátttöku í PISA könnuninni sem framundan er.

Mikilvægt er að nálgast alla þætti PISA könnunarinnar með jákvæðu hugarfari og miklu skiptir að svigrúm sé skapað fyrir starfsfólk skóla og nemendur þegar einstök verkefni eru leyst og spurningalistum svarað á meðan fyrirlögn stendur.

PISA er alþjóðleg könnun á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) sem mælir lesskilning 15 ára nemenda og læsi þeirra á stærðfræði og náttúruvísindi á þriggja ára fresti. Einnig fylgja ýmsir spurningalistar með PISA könnuninni sem gefa mikilvægar upplýsingar. PISA könnunin sem nær til yfir 80 þjóða er eina alþjóðlega samanburðarrannsóknin á frammistöðu menntakerfisins sem fram fer hér á landi.

Markmiðið er að kanna hvort nemendur við lok skyldunáms hafi öðlast þá þekkingu og færni sem gerir þeim kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og stuðla að farsælli áframhaldandi skólagöngu. Stuðst er við efni sem finna má í aðalnámskrám um allan heim og leggur PISA sérstaka áherslu á að meta hvort nemendur geti yfirfært það sem þeir læra í skóla yfir á ný verkefni og nýjar aðstæður. Til dæmis að kanna getu þeirra til samvinnu við þrautaúrlausnir, hæfni til að greina, rökstyðja og miðla upplýsingum á meðan þeir skoða, túlka og leitast við að leysa verkefni og kanna hæfni tengda almennri færni, sköpunargáfu og frumkvæði. Í PISA 2022 verða auk þess lögð fyrir verkefni sem reyna á skapandi hugsun nemenda, meðal annars í gegnum skriflega og myndræna tjáningu.

Auk þess að veita áreiðanlegar upplýsingar um þekkingu og færni nemenda á tilteknum sviðum náms, veitir PISA afar mikilvægar upplýsingar um viðhorf skólastjóra til skólastarfsins og viðhorf nemenda, áhuga og venjur tengdum námi sem mikilvægt er fyrir fræðslufirvöld að geta tekið mið af við framkvæmd og þróun skólastarfs til að stuðla að farsælli menntun og velferð nemenda. Í fyrirlögninni núna verður auk þess lagt mat á áhrif heimsfaraldursins á nám og líf nemenda með sérstökum spurningalista. Hann nýtist meðal annars til að fá heildarsýn á það hvaða áhrif fjarvera eða breytt kennslufyrirkomulag hefur haft á þekkingu, færni og líðan nemenda.

Minnt er á að góð þátttaka í PISA skiptir miklu til að tryggja það að niðurstöður PISA endurspegli stöðu nemenda á Íslandi. Á Íslandi hefur PISA ákveðna sérstöðu vegna fámennis þjóðarinnar samanborið við flest önnur þátttökuríki í PISA. Ólíkt flestum ríkjum er könnunin hér á landi lögð fyrir í öllum skólum sem starfrækja 10. bekk, ásamt framhaldsskólum sem hafa 15 ára nemendur í námi. En þó að allir nemendur á tilskyldum aldri hér á landi tækju þátt yrði heildarfjöldi þeirra minni en það úrtak nemenda sem tekur þátt í öðrum löndum. Það er því sérlega brýnt hér á landi að þátttaka sé með besta móti.

Á vef OECD er hægt að nánari upplýsingar um könnunina og eru allar niðurstöður þar aðgengilegar öllum.

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason
mennta- og barnamálaráðherra